

Nd.

781. Frumvarp til laga

[49. mál]

um hlutafélög.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 526 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Í stofnsamningi skulu vera sérstök ákvæði um:

1. Ef hluti má greiða með öðrum verðmætum en reiðufé.
2. Ef hlutafélagið skal taka við slíkum verðmætum gegn greiðslu í öðru en hlutum.
3. Ef hlutafélagið skal bera kostnað af stofnun.
4. Hvort einhverjir hluthafar eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda í félaginu.

Í stofnsamningi skal gerð grein fyrir þeim atriðum, sem nauðsynleg eru til þess, að unnt sé að meta til fjár þau verðmæti, er hlutafélagið skal taka við, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. Í því sambandi skal sérstaklega greina:

- a. Nöfn og heimilsföng þeirra aðila, er hér um ræðir.
- b. Endurgjald það, sem ákveðið hefur verið fyrir verðmætin, en það má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð, sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins. Ennfremur að hve miklu leyti endurgjaldið skuli greiddast í hlutum og að öðru leyti meginatriði skilmála þeirra, sem um er samið vegna yfirtökunnar.
- c. Hámark stofnkostnaðar. Stofnkostnaður, að undanskildum opinberum gjöldum, má þó aldrei nema meiru en 5% af hlutafé. Ráðherra getur veitt undanþágu frá hámarki stofnkostnaðar.

Ef hlutafélag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri, skal við undirritun stofnsamnings liggja frammi efnahags- og rekstrarreikningur þess fyrirtækis tvö síðustu reikningsár eða frá stofnun þess, ef það er síðar. Ennfremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um, að hagur fyrirtækis þess, sem félagið yfirtekur, hafi ekki rýrnað á tímabilinu frá því, að fyrirtækið var yfirtekið, og að stofnun hlutafélagsins.

Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja í sambandi við stofnun hlutafélags, sem ekki er getið í stofnsamningi, eru ekki gildir gagnvart félaginu.

14. gr. hljóðar svo:

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga, skal hann greiða vexti af skuldinni frá þeim degi, er séu jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum, enda sé ekki annað ákveðið í samþykktum félagsins.

Stjórn félagsins skal þá án tafar annað hvort innheimta skuldina með málsókn eða afhenda öðrum rétt til hlutar eða hluta áskrifandans. Jafnan skal þó, áður en hlutir eru afhentir öðrum, veita áskrifanda 4 vikna frest til að koma málum sínum í rétt horf. Hafi áskrifandi fengið afhent bráðabirgðaskírteini, getur félagið, að liðnum fyrrnefndum fresti, krafist afhendingar þess með beinni fógetagerð.

Komi í ljós, að skuldin verði ekki innheimt, skal reglum 15. og 16. gr. beitt.

17. gr. hljóðar svo:

Í hlutafélagi skulu jafnan vera fimm hluthafar hið fæsta, sbr. 114. gr.

Allir hlutir skulu hafa jafnan rétt í félaginu. Í samþykktum má þó ákveða, að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka. Í því tilviki skal í samþykktum taka fram um mun milli hlutaflokka, fjárhæðir hvers og sérstök ákvæði um rétt til áskriftar að nýju hlutafé, sem hluthafar hafa rétt til við hækkun hlutafjár.

19. gr. hljóðar svo:

Í samþykktum má ákveða, að við eigendaskipti að hlutabréfi önnur en við erfð eða búskipti skuli hluthafar eða aðrir hafa forkaupsrétt. Í samþykktum skulu þá vera nánari reglur um þetta efni og skal þar m. a. greina:

- a) Röð forkaupsréttarhafa.
- b) Ákvæði um frest, er forkaupsréttarhafi hefur til að beita forkaupsrétti sínum, sem lengstur má vera tveir mánuðir, og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð.
- c) Ákvæði um frest til greiðslu kaupverðs, sem þó má eigi vera lengri en þrjú mánuðir frá því, að kaup voru ákveðin.

Taki tilboð til margra hluta, er eigi unnt að neyta forkaupsréttar að því, er varðar nokkra þeirra, nema slíkt sé sérstaklega heimilað í samþykktum. Sé í samþykktum ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs hluta, er það ógilt, ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina.

Stjórn félags skal þegar í stað greina forkaupsréttarhöfum skriflega frá tilkynningu um tilboð.

Ef í samþykktum er ekki ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs og ekki næst samkomulag um það, skal kaupverðið ákveðið af matsmönnum, sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Nú vill annar hvor aðilja eigi hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla, en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því, að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu. Félagið ber kostnað af matinu.

39. gr. hljóðar svo:

Hluthafafundur getur ákveðið með meirihluta atkvæða, sem krafist er til breytinga á samþykktum, að félagið taki skuldabréfalán, er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hluti í því. Slíkt lán má ekki nema hærri fjárhæð en helmingi hlutafjárins eins og það er á þeim tíma, þegar ákvörðun er tekin.

Í samþykkt hluthafafundar samkvæmt 1. mgr. skal taka fram um lánskjör og reglur um breytingu kröfunnar í hluti í félaginu. Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu lánardrottins, ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin út ný breytanleg skuldabréf, félagi slitið, þ. á m. með samruna, áður en kröfunni er breytt í hluti. Um ákvörðunina og forgangsrétt til áskriftar gilda ákvæði 27.—29. gr., 1.—5. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. og 31. gr.

Í samþykkt samkvæmt 1. mgr. skal hluthafafundur veita stjórn félags heimild til þess að hækka hlutafé um þá fjárhæð, sem leiðir af breytingu skuldabréfanna í hluti. Í heimildinni skal taka fram um þau efni, sem greinir í 2. og 7. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr.

Ef fjárhæð sú, sem greidd er fyrir skuldabréf, er lægri en nafnverð þess hlutar eða hluta, sem breyta má skuldabréfinu í samkvæmt lánskjörum, má breytingin því aðeins fara fram, að mismunurinn sé greiddur félaginu eða jafnaður með frjálsu eigin fé þess.

44. gr. hljóðar svo:

Ef ráðstafa á lëkkunarfjárhæðinni að nokkru leyti eða öllu í þeim tilgangi, er greinir í 2., 3. og 4. tl. 2. mgr. 42. gr., skal, nema hlutaféð hækki um leið um samsvarendi fjárhæð, birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa félagsins um að tilkynna kröfur sínar til félagsstjórnar innan þriggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar. Svo fremi sem tilkynntar, gjaldfallnar kröfur ekki eru greiddar og sett fullnægjandi trygging fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna, má ekki framkvæma hlutafjárlëkkunina. Ráðherra getur úrskurðað eftir ósk aðila, hvort framboðin trygging sé nægileg.

Sanni félag, að það eigi fyrir skuldum, er ráðherra heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu samkvæmt 1. mgr.

Með tilkynningu um lækkun hlutafjár skal, auk nauðsynlegra sönnunargagna, fylgja yfirlýsing, undirrituð af stjórn félags og endurskoðendum, um að skuldir við lánardrottna félagsins séu því ekki til fyrirstöðu, að hlutafjárþækkun geti farið fram.

Ef tilkynning um framkvæmd lækkunar hlutafjár hefur ekki borist innan árs frá því, að ákvörðunin var skráð, missir hún gildi sitt og tilkynning sú, sem gerð var samkvæmt 5. mgr. 42. gr., skal afmáð úr hlutafélagaskrá.

47. gr. hljóðar svo:

Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst 3 menn.

Hluthafafundur kýs stjórn. Í samþykktum er heimilt að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn. Meirihluti stjórnar skal þó ætíð kjörinn af hluthafafundi.

Ákveða má í félagssamþykktum, að stjórnendur skuli kosnir hlutfalls- eða margfeldiskosningu. Við margfeldiskosningu er gildi hvers atkvæðis í félaginu margfaldað með tölu þeirra manna, sem kjósa á, en síðan má hluthafi verja öllu atkvæðamagni sínu, hvort sem er á jafnumarga menn eða færri en kjósa skal. Ef t. d. aðeins einum manni er greitt atkvæði, er kjósa skal fimm manna stjórn, hefur hver hlutur fimmfalt atkvæðagildi.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst $\frac{1}{4}$ hlutafjárins krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma, sem til er tekinn í samþykktum. Kjör-tímabili skal vera lokið við lok aðalfundar, í síðast lagi 4 árum eftir kjörið.

Ákvæði laganna um stjórnarmenn eiga einnig við um varamenn þeirra.

61. gr. hljóðar svo:

Ef sá, sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 55.—56. gr., fer út fyrir heimild sína, er löggerningurinn ekki bindandi fyrir félagið, ef viðsemjandinn vissi eða mátti vita um heimildarskortinn.

65. gr. hljóðar svo:

Hver hlutur veitir atkvæðisrétt. Í félagssamþykktum má ákveða, að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi, þó ekki frekar en svo, að atkvæðagildi þeirra sé tífalt meira en atkvæðagildi annars jafnhás hlutar eða hlutafjárupphæðar.

Í félagssamþykktum má ákveða, að enginn geti farið með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra nema takmarkaðan hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.

Í félagssamþykktum má ákveða, að hluthafi, sem hefur eignast hluti með fram-sali, geti ekki farið með atkvæðisrétt að því er þá hluti varðar, fyrr en að liðnum ákveðnum tíma, þó ekki lengri en þrjá mánuði, eftir að hann hefur verið skráður í hlutaskrá eða tilkynnt og fært sönnur á eign sína að hlut.

Eigin hlutir félags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, njóta ekki atkvæðisréttar. Slíkir hlutir skulu ekki taldir með, þegar krafist er samþykkis allra hluthafa, ákveðins meirihluta alls hlutafjár eða þess, sem farið er með á hluthafafundi.

Óheimilt er hluthafa sjálfum, með umboðsmanni eða sem umboðsmaður fyrir aðra, að taka þátt í atkvæðagreiðslu á hluthafafundi um málsókn gegn honum sjálfum eða um ábyrgð hans gagnvart félaginu. Sama á við um málsókn gegn öðrum eða um ábyrgð annarra, ef hluthafi hefur þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kynnu að vera andstæðir hagsmunum félagsins.

67. gr. hljóðar svo:

Aðalfund skal halda eftir því sem félagssamþykktir ákveða, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan níu mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðanda.

Á aðalfundi skal taka ákvörðun um:

- a. Staðfestingu efnahagsreiknings og rekstrarreiknings.
- b. Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
- c. Önnur þau mál, sem heyra undir aðalfund samkvæmt félagssamþykktum.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst $\frac{1}{5}$ hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðunum um málefni þau, sem greinir í a- og b-liðum 2. mgr. eða varða lausn undan ábyrgð, til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

85. gr. hljóðar svo:

Ef endurskoðandi er ekki kosinn eða kosning hans brýtur í bága við ákvæði 1. mgr. 81. gr., 1. og 2. mgr. 82. gr. eða 1. og 3. mgr. 83. gr. eða er andstæð ákvæðum í samþykktum félagsins, þá skal ráðherra tilnefna endurskoðanda, ef tilmæli um það koma fram frá stjórnarmanni, framkvæmdastjóra eða hluthafa.

Hafi á aðalfundi ekki verið sinnt kröfu um kosningu löggilts endurskoðanda skv. ákvæðum 3. mgr. 82. gr., skal ráðherra tilnefna þennan endurskoðanda, þegar tilmæli um það koma fram frá hluthafa. Tilmæli skulu borin fram í síðasta lagi einum mánuði, eftir að aðalfundurinn var haldinn.

Tilnefning endurskoðanda skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar gildir þar til nýr endurskoðandi hefur verið kosinn í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykktir félagsins.

102. gr. hljóðar svo:

Í skýringum með ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í ársreikningi, komi þau ekki greinilega fram í ársreikningnum sjálfum:

1. Eignahluta í öðrum félögum og annað áhættufé skal sundurliða. Þar skal greina nafn hvers félags, nafnverð eignahluta og bókfært verð í efnahagsreikningi.
2. Varanlega rekstrarfjármuni skal sundurliða. Þar komi fram kostnaðarverð hvers eignaflokks í ársbyrjun samkvæmt efnahagsreikningi fyrra árs ásamt eldri endurmatshækkunum. Þá skal greina heildarverð hækkunar og lækkunar þessara eigna á reikningsárinu ásamt afskriftum og niðurfærslum á reikningsárinu og samtölu þeirra til loka reikningsársins. Niðurstöður þessara skýringa skulu vera samanburðarhæfar við einstaka eignaliði í efnahagsreikningi og við afskriftir í rekstrarreikningi.
3. Gildandi fasteignamatsverð fasteigna og brunabótamatsverð þeirra.
4. Hafi einstakir veltufjármunir verið færðir á hærra verði en kostnaðarverði, skal það upplýst, ásamt fjárhæð mismunar.
5. Endurmatshækkun fastafjármuna, fjárhæð hennar og ráðstöfun.
6. Ef eftirlaunaskuldbinding félags er ekki færð í efnahagsreikning, skal gefa upplýsingar um hana.
7. Þegar útgefin hlutabréf eru ekki öll sömu tegundar, skal greina frá því, að hvaða leyti bréfin eru frábrugðin, og heildarfjárhæð bréfa í hverjum flokki.
8. Breytingar, sem orðið hafa á hinum ýmsu liðum eigin fjár frá efnahagsreikningi síðasta árs, skal sundurliða.
9. Ef gerðar hafa verið breytingar á mati veltufjármuna eða afskriftum fastafjármuna eða gerðar aðrar breytingar frá ársreikningi síðasta árs, sem hafa veruleg áhrif á afkomu ársins eða hafa að öðru leyti verulega þýðingu.

10. Heildarfjárhæð eigna og skulda í erlendum gjaldeyri eða þeim liðum efnahagsreiknings, sem háðir eru gengisáhættu eða verðtryggingu.
11. Ef gerðar eru verulegar breytingar á uppsetningu eða flokkun liða í rekstrarreikningi eða efnahagsreikningi, sem haft geta veruleg áhrif á möguleika til samanburðar við ársreikning síðasta árs, skal gera grein fyrir þeim breytingum.
12. Ef félagið hefur keypt eða yfirtekið eigin hlutabréf á reikningsárinu eða hlutabréf í móður- eða dótturfélagi, sbr. 46. gr., skal upplýsa um nafnverð þeirra og kaupverð og hlutfall af heildarhlutafé viðkomandi félags.
13. Hafi verið áætlaður hagnaður af verki í framkvæmd, skal það koma fram ásamt greinargerð um matið.
14. Þau atriði, sem hafa eða geta haft veruleg áhrif á skattalega stöðu félagsins, svo sem ef um heimild til yfirfærslu á rekstrartapi frá fyrri árum er að ræða eða ef sala eða önnur afhending á eignum félagsins fyrir bókfært verð gæti leitt til skattlagningar.
15. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar, sbr. 99. gr.
16. Kröfur á eða skuldir við dótturfélög eða móðurfélög skal sérgreina, sbr. 1. mgr. 100. gr.
17. Ábyrgðarskuldbindingar vegna hluthafa, stjórnarmanna o. fl. aðila, sbr. 2. og 3. mgr. 100. gr.

105. gr. hljóðar svo:

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreikningsins, þó ekki síðar en tíu mánuðum eftir lok reikningsárs, skal staðfest endurrit hans ásamt endurskoðunarskýrslu hafa borist til hlutafélagaskrár. Með ársreikningnum skulu fylgja staðfestar upplýsingar um, hvenær hann var samþykktur og hvaða ákvörðun aðalfundur tók um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun á tapi. Móðurfélag skal ennfremur senda staðfestan samstæðureikning eða samstæðuskýrslu.

123. gr. hljóðar svo:

Þegar skilanefnd hefur lokið greiðslum samkvæmt 120. gr. eða komið fé í vörslu samkvæmt 122. gr., skal hún tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá, að félaginu sé slitið. Tilkynningu skal fylgja eintak af úthlutunarskrá, kvittanir fyrir greiðslum eða eftirrit þeirra svo og vörsluskirteini, ef um þau er að ræða.

Skilanefnd sendir hlutafélagaskrá bækur félags og gögn, er afhendir þau Þjóðskjalasafni Íslands til varðveislu.

Skilanefnd skal birta í Lögbirtingablaði niðurstöður skipta svo og, að skiptum sé lokið.

Nú hefur skiptaréttur fengið bú hlutafélags til opinberra skipta og skal hann þá tilkynna hlutafélagaskrá upphaf og lok skipta.

134. gr. hljóðar svo:

Skaðabótamál þau, sem um ræðir í 133. gr., skal höfða, nema krafan byggist á refsiverðum verknaði:

- a) Gegn stofnendum innan þriggja ára frá því, að ákvörðun um stofnun félags var tekin.
- b) Gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum innan þriggja ára frá lokum þess reikningsárs, þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð.
- c) Gegn endurskoðendum innan tveggja ára frá því, að endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing lögð fram.

Mál samkvæmt 3. mgr. 133. gr. skal höfða síðast þrem mánuðum eftir, að félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota.

147. gr. hljóðar svo:

Breytingar á félagssamþykktum eða öðru því, sem tilkynnt hefur verið, skal tilkynna innan mánaðar, sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum. Með tilkynningu skulu fylgja sönnur fyrir lögmæti breytinga. Breytingu á búsetu þarf ekki að tilkynna nema aðili taki heimilisfang erlendis. Ákvæði 2. og 4. mgr. 146. gr. gilda eftir því sem við á.

158. gr. hljóðar svo:

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. um hlutafé og reglur II. kafla um stofnun gilda ekki um félög, sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku laga þessara, sbr. þó 160. gr. Hafi hlutafélag ekki verið skráð, er lögin taka gildi, en stofnun þess ráðin til hlítar á stofnfundi samkvæmt II. kafla laga nr. 77/1921, og er skráning þess þá heimil. Um skráningu gilda þó ákvæði 1. mgr. 11. gr. og reglur XVIII. kafla laganna, eftir því sem við á.

Ef undirbúningur að stofnun hlutafélags er skemmra á veg kominn en í 2. mgr. getur, skal um stofnun þess fara að öllu leyti eftir ákvæðum laga þessara. Heimilt er þó ráðherra að veita aukna fresti til að koma stofnun félags í rétt horf, þegar svo stendur á.